

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 107/2014**

2014/EES/54/02

frá 5. febrúar 2014

**um töku fóðuraufefnanna kóbaltklóríðhexahýdrats, kóbaltnítrathexahýdrats og kóbaltsúlfatmónóhýdrats
af markaði og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1334/2003 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE⁽²⁾.
- 2) Fóðuraufefnin kóbaltklóríðhexahýdrat, kóbaltnítrathexahýdrat og kóbaltsúlfatmónóhýdrat voru leyfð án tímamarka með tilskipun 70/524/EBE sem efnasambönd snefilefnisins kóbalt og skilyrði fyrir leyfum fyrir þeim voru síðast sett fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003⁽³⁾. Þessi fóðuraufefni voru síðan færð inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraufefni sem fyrirbyggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Engar umsóknir um leyfi fyrir notkun þessara fóðuraufefna, sem tilheyra flokknum snefilefni, voru lagðar fram í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 áður en fresturinn, sem kveðið er á um í því ákvæði, rann út.
- 4) Því ber að taka þessi fóðuraufefni af markaði.
- 5) Brotthvarf þessara fóðuraufefna hefur í för með sér að nauðsynlegt er að fella þau brott úr færslunni „E3 Kóbalt – Co“ í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1334/2003. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1334/2003 til samræmis við það.
- 6) Rétt þykir að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila en innan þess má nýta fyrirbyggjandi birgðir

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 36, 6.2.2014, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtuð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003 frá 25. júlí 2003 um breytingu á skilyrðum varðandi leyfi fyrir nokkrum aukefnum úr flokki snefilefna í fóðri (Stjtuð. ESB L 187, 26.7.2003, bls. 11).

af aukefnum, sem á að taka af markaði, forblöndum, fóðurlöndum og fóðurefnum sem hafa verið framleidd með þessum aukefnum.

- 7) Afturköllun á vörunum þremur af markaði er með fyrirvara um veitingu leyfis fyrir þær eða um samþykkt ráðstafana sem varða stöðu þeirra í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Afturköllun

Fóðuraufefnin kóbaltklóríðhexahýdrat, kóbaltnítrathexahýdrat og kóbaltsúlfatmónóhýdrat, sem tilheyra flokknum „snefilefni“, skulu tekin af markaði.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1334/2003

Færslurnar „kóbaltklóríðhexahýdrat“, „kóbaltnítrathexahýdrat“ og „kóbaltsúlfatmónóhýdrat“, sem eru tengdar frumefninu E3 Kóbalt – Co, í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1334/2003 falli brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fyrirliggjandi birgðir af vörunum sem um getur í 1. mgr. má áfram setja á markað og nota sem fóðuraufefni fram til 26. ágúst 2014.
2. Forblöndur, sem eru framleiddar með aukefnunum sem um getur í 1. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 26. febrúar 2015.
3. Fóðurlöndur og fóðurefni, sem eru merkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 767/2009 fram til 26. ágúst 2015 og framleidd með aukefnunum sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO
